

## Ásakanir Rússa - að koma hinu rétta til skila

Ögrandi framkoma Rússlands í garð Úkraínu hefur leitt til einangrunar Rússlands á alþjóðavettvangi, þar með talið slitum á öllu samstarfi NATO við Rússland.

Til að dreifa athyglinni frá aðgerðum sínum, hefur Rússland beint ýmiss konar ásökunum að NATO, sem byggja á röngum staðhæfingum um staðreyndir og horfa alfarið framhá langvarandi viðleitni NATO til að byggja upp samstarfsvettvang við Rússland.

Rússland hefur einnig sett fram tilhæfulausar dylgjur um lögmæti úkraínskra stjórnvalda og hefur beitt valdi til að hertaka hluta af yfirráðsvæði Úkraínu.

Í þessu skjali verður staðreyndunum komið á framfæri.

### Tengsl NATO og Rússlands

Rússland heldur því fram að NATO hafi árum saman reynt að draga úr áhrifum Rússlands á alþjóðavettvangi.

Allt síðan í upphafi tíunda áratugarins hefur Atlantshafsbandalagið staðfastlega unnið að því að byggja upp samstarfsvettvang við Rússland á sviðum sem varða hagsmuni beggja, ásamt því að reyna að koma á hernaðarlegu samstarfi.

Þegar áður en Sovétríkin og Varsjárbandalagið hrundu, hafði NATO hafið viðleitni sína til að koma á samstarfi, boðið upp á samræðu í stað andstöðu, eins og kom skýrt fram á leiðtogafundi NATO í júlí árið 1990 (yfirlýsing [hérna](#)). Árin á eftir sýndi NATO viðleitni sína í verki með því að stuðla að samræðu og samstarfi í gegnum nýja samstarfsvettvanga á borð við Partnership for Peace (PfP) og Euro-Atlantic Partnership Council (EAPC), sem opið var öllum ríkjum Evrópu, þar með talið Rússlandi (sjá stofnsáttmála PfP [hér](#) og [hér](#)).

Sem merki um hið einstaka hlutverk Rússlands í öryggismálum Evrópu og Atlantshafsins, undirrituðu NATO og Rússland árið 1997 stofnsáttmála um gagnkvæm samskipti, samstarf og öryggi, en með því var sameiginlega fastanefnd NATO og Rússlands stofnuð. Árið 2002 var samstarfið aukið enn frekar, en þá var NATO-Rússlandsráðið stofnað. (Lesi má stofnsáttmálann [hér](#), og Rómaryfirlýsinguna sem var upphafið að NRC [hérna](#)).

Allt síðan NRC var stofnað hafa NATO og Rússland unnið saman að málefnum sem spanna allt frá baráttunni gegn eiturlýfjum og hryðjuverkum til kaþbátabjörgunar og áætlanagerðar gegn náttúruhamförum. Engum öðrum samstarfsaðila hafa boðist sambærileg tengsl.

Það er langt í frá að NATO hafi reynt að draga úr vægi Rússlands, þess í stað hefur NATO komið fram við Rússland sem samstarfsaðila með mikla forréttindastöðu.

### Áframhaldandi starf og stækkun NATO

Rússneskir embættismenn segja að leggja hefði átt NATO niður við lok kalda stríðsins og að innganga nýrra bandalagsþjóða frá Mið- og Austur-Evrópu grafi undan öryggi Rússlands.

NATO var ekki leyst upp í kjölfar kalda stríðsins vegna þess að aðildarríki þess vildu halda þeim tengslum sem tryggt höfðu öryggi og stöðugleika í löndunum beggja vegna Atlantshafsins, eins og segir með skýrum hætti í London-yfirlýsingunni: „Við þurfum að standa áfram saman, til þess að framhald verði á því langa friðarskeiði sem við höfum notið síðustu fjóra áratugi”. Heiðra skyldi þau gildi sem alltaf höfðu stjórnað ferðinni. NATO varð að öðru og meira en öflugum hernaðarbandalagi: það varð pólitískur vettvangur fyrir samræðu og samstarf.

Stefna NATO um „opnar dyr” (e. Open Door Policy) hefur verið, og mun ávallt vera, grundvölluð á hinu frjálsa vali evrópskra lýðræðisríkja. Þegar Úkraína ákvað að stefna að því að standa utan bandalaga var sú ákvörðun virt að fullu af hálfu NATO. Hin gamalkunna fullyrðing Rússa að NATO hafi reynt að neyða Úkraínu inn í bandalagið var, og er enn, alröng.



NATO hefur uppfyllt skilyrði 10. gr. Atlantshafssáttmálans (sjá [hér](#)) þar sem fram kemur að aðildarríkin „megi með samhljóða samþykki bjóða sérhverju Evrópuríki sem er í þeirri stöðu að geta framfylgt grundvallarreglum sáttmálans og sem geta stuðlað að öryggi Norður-Atlantshafssvæðisins að gerast aðili að sáttmálanum”.

Í sex skipti, milli 1952 og 2009 hafa Evrópuríki tekið þá ákvörðun að sækja um aðild sem byggir á lýðræðislegu ferli og virðingu fyrir réttarríkinu. Aðildarríki NATO hafa samhljóða ákveðið að veita þeim viðtöku.

NATO og stækkunarferli ESB hefur aðstoðað þjóðir Mið- og Austur-Evrópu við að takast á við erfiðar umbætur, sem reyndust nauðsynlegar áður en til aðildar kæmi. Þetta hefur stuðlað að því að þessar þjóðir njóta nú ávinnings á borð við lýðræðislega valkosti, réttaríkið og umtalsverðan efnahagslegan vöxt. Þessi þróun hefur fært Evrópu nær því að vera heil, frjáls og friðsöm en nokkurn tíma fyrir í veraldarsögunni.

Rússland samsinnti einnig þessar sýn í stofnsáttmálanum. Það skuldbatt sig til að „skapa í Evrópu sameiginlegt svæði öryggis og stöðugleika án landamæra eða áhrifasvæða,” og að „virða fullveldisrétt, sjálfstæði og landamæri allra ríkja og órjúfanlegan rétt þeirra til að velja þá valkosti sem best tryggðu öryggi þeirra.”

Þvert á þessar skuldbindingar virðist Rússland nú vera að reyna að koma upp áhrifasvæði með því að hertaka hluta Úkraínu, með því að staðsetja mikið herlið við landamæri sín og með því að krefjast þess, eins og Sergei Lavrov utanríkisráðherra Rússlands sagði nýlega, að „Úkraína geti ekki verið hluti af neinu bandalagi.”



## Fullyrðingar Rússa um að NATO hafi skuldbundið sig til að fjölga ekki aðildarríkjum

Rússneskir embættismenn halda því fram að bandarískir og þýskir embættismenn hafi lofað árið 1990 að NATO myndi ekki vaxa inn í Mið- og Austur-Evrópu, koma upp hernaðarlegum mannvirkjum nálægt landamærum Rússlands eða staðsetja herlið þar til lengri tíma.

Engin slík loforð voru gefin og engar sannanir um slíkt hafa nokkurn tíma komið fram. Ef slíkt loforð hefði verið gefið af hálfu NATO sem slíks, hefði það þurft að gerast með formlegri, skriflegri ákvörðun allra aðildarríkja NATO. Þessu til viðbótar má nefna að hugmyndin um stækkun NATO kom fyrst fram nokkrum árum eftir sameiningu Þýskalands. Þetta mál var því ekki einu sinni komið á dagskrá á þeim tíma þegar Rússland heldur því fram að þessi loforð hafi verið gefin.

Aðrar staðhæfingar um að NATO hafi lofað að byggja ekki upp nein hernaðarmannvirki nálægt landamærum Rússlands eru jafn rangar. Í stofnsáttmála NATO er ítrekað að „við núverandi og fyrirsjáanlegt umhverfi öryggismála, muni bandalagið sinna sameiginlegum vörnum sínum og öðrum verkefnum með því að tryggja samhæfni, samþættingu og flutningsgetu varaliðs frekar en að koma upp fleiri staðbundnum herstöðvum með umtalsverðu herliði. Þar af leiðir að bandalagið verður að geta reitt sig á nægilega öflug grunnvirki til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar á þessu sviði. Í þessu samhengi má efla herstyrk, þegar þörf þykir og ef varna er krafist gegn ógn eða í friðargæsluverkefnum á grunni stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og meginreglna OSCE, en einnig við æfingar í samræmi við samninginn um hefðbundinn herafla í Evrópu (e. CFE Treaty), ákvæði Vínarsamningsins frá 1994 og í gagnkvæmum, samþykktum og gagnsæjum ráðstöfunum.”

NATO hefur vissulega stutt endurnýjun hernaðarlegra grunnvirkja, s.s. herflugvalla, í þeim ríkjum sem gengið hafa í bandalagið, í því skyni að geta staðið við kröfur um eflingu herstyrks og til æfinga. Eftir sem áður eru einu bardagahæfu sveitirnar sem til langframa eru staðsettar á landsvæði nýju aðildarríkjanna, þeirra eigin herlið.

Jafnvel áður en til hættuástandsins í Úkraínu kom, voru NATO-þotur í loftrýmiseftirliti yfir Eyrstrasaltsríkjunum einu sýnilegu merkin um herlið bandalagsins hjá nýju aðildarríkjunum. Þessi lágmarksvarnarviðbúnaður getur ekki talist umtalsverður hernaðarviðbúnaður í skilningi stofnsáttmálans.

Allar götur síðan hættuástandið kom upp hefur NATO gert ráðstafanir til að afla upplýsinga um stöðu mála á svæðinu og til að efla varnir bandalagsríkjanna í austri. Þetta er einnig algerlega í samræmi við stofnsáttmálann og er bein afleiðing af hernaðaradgerðum Rússa sem valda óstöðugleika á svæðinu.

Loks má nefna að í stofnsáttmálanum segir einnig: „Rússland mun sýna sambærilega viðleitni til að halda hefðbundnum herstyrk sínum hóflegum í Evrópu.” Árásarstefna Rússlands gagnvart Úkraínu er svívirðilegt brot á þessum skuldbindingum, rétt eins og einhliða tímabundin niðurfelling þeirra á að standa við skuldbindingar sínar í samningnum um hefðbundinn herafla í Evrópu (CFE Treaty).

## Rússland heldur því fram að NATO hafi hundsað áhyggjur þeirra af eldflaugavarnakerfum

NATO hefur ekki hundsað áhyggjur Rússa. Þvert á móti hefur bandalagið ítrekað sóst eftir samstarfi við Rússa um eldflaugavarnir. Á leiðtogafundinum í Lissabon árið 2010 ákváðu leiðtogar ríkja og ríkisstjórna NATO að „þróa eldflaugavarnagetu í því skyni að verja alla íbúa NATO-ríkjanna í Evrópu, landsvæði þeirra og herlið, og Rússlandi er boðið til samstarfs um þessi mál”. (yfirlýsing [hérna](#)).

Þetta var ítrekað á leiðtogafundinum í Chicago í maí árið 2012 ([hér](#)), en þar lögðu leiðtogarnir áherslu á að NATO „væri enn ákveðið í að efla samstarf um eldflaugavarnir í anda gagnkvæms trausts og gagnvirkni”, og tekið var sérstaklega fram að eldflaugavarnir NATO „myndu ekki draga úr fælingarmætti herstyrks Rússlands”. NATO lagði einnig til skipulag gagnsæis þar sem komið væri upp tveimur sameiginlegum eldflaugavarnamiðstöðvum NATO og Rússlands. Rússland hefur hafnað þessum tillögum.

Þessar yfirlýsingar leiðtogafundarins eru meira en pólitísk loforð: þau eru skilgreining á stefnu NATO. Í stað þess að taka samstarfstillboði NATO, hefur Rússland sett fram rök sem sniðganga bæði eðlisfræðileg rök sem og yfirlýsta stefnu NATO. Sjálfstæðir hernaðarsérfræðingar í Rússlandi hafa sagt með skýrum hætti að eldflaugavarnakerfi NATO geti ekki ógnað Rússum né dregið úr skilvirkni og fælingarmætti kjarnorkuvopnabúnaðar þeirra. Rússneska ríkisstjórnin hefur notað eldflaugavarnir sem afsökun fyrir þessum ásökunum í stað þess að líta á þær sem tækifæri til samstarfs.

## Gagnrýni Rússa á lögmæti hernaðaraðgerða á vegum NATO — Líbía

Í viðleitni sinni til að verja ólögmætar aðgerðir sínar á Krímskaga hafa Rússar véfengt lögmæti sumra aðgerða á vegum NATO.

Þar á meðal er aðgerð undir stjórn NATO árið 2011 sem beindist að því að vernda óbreytta borgara í Líbía. Ráðist var í þessa aðgerð undir stjórn NATO á grundvelli tveggja samþykka öryggisráðs SP (UNSCR), UNSCR [1970](#) og [1973](#), sem báðar vísuðu til VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna, en hvorugri þessara samþykka var andmælt af hálfu Rússa. Putin forseti ásaðaði nýverið NATO um að hafa brotið gegn samþykktunum með loftárásum í Líbía. Þetta er alrangt.

UNSCR 1973 heimilaði NATO „að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir” til að „vernda óbreytta borgara og þau svæði þar sem óbreyttir borgarar búa sem eiga á hættu að verða fyrir árás”, sem er einmitt það sem NATO gerði, með pólitískum og hernaðarlegum stuðningi annarra ríkja á svæðinu og meðlima Arababandalagsins.

Eftir að átökum lauk, starfaði NATO með alþjóðlegri rannsóknarnefnd SP um Líbía, sem fann engar vísbendingar um brot á UNSCR 1973 eða á alþjóðalögum og lauk hún störfum með þeirri niðurstöðu að „NATO hafi staðið að afar nákvæmri aðgerð og hafi með sannanlegum hætti reynt að forðast mannfall meðal óbreyttra borgara.”



## Gagnrýni Rússa á lögmæti hernaðaraðgerða á vegum NATO — Kósóvó

Aðgerðir NATO í Kósóvó hófust eftir meira en árslangar, umfangsmiklar tilraunir af hálfu SP og tengslahópsins sem Rússar voru aðili að, til að koma á friðsamlegri lausn. Öryggisráð SP hefur við mörg tækifæri sagt þjóðernishreinsanirnar í Kósóvó og vaxandi fjölda flóttamanna vera ógn við alþjóðlegan frið og öryggi. Ráðist var í NATO-aðgerðina Allied Force þrátt fyrir að ekki lægi fyrir heimild öryggisráðsins, í því skyni að koma í veg fyrir stórfelld og viðvarandi mannréttindabrot og morð á óbreyttum borgurum.

Í kjölfar loftárásanna héldu KFOR-sveitirnar undir stjórn NATO inn í Kósóvó, en upphaflega voru Rússar með í þeim, en þessar sveitir störfuðu í umboði SP (UNSCR [1244](#)) með það að markmiði að koma á öruggu og tryggu umhverfi í Kósóvó. Síðan tóku við nærri tíu ár með samningaumleitunum, undir stjórn SP, í því skyni að finna pólitíska lausn og ráða fram úr endanlegri stöðu Kósóvó, eins og gert var ráð fyrir í UNSCR 1244.

Kósóvó-aðgerðin kom í kjölfar umfangsmikilla samningaviðræðna alls alþjóðasamfélagsins í viðleitni til að bregðast við langvarandi hættuástandi. Á Krímskaga, þar sem engar vísbendingar voru um hættuástand og engin tilraun var gerð til að semja um einhvers konar lausn, sniðgekk Rússland allt alþjóðasamfélagið, þar með talið SP, og einfaldlega hertók hluta af landsvæði annars ríkis.

## Rússneskar fullyrðingar um ólögmæti ríkisstjórnar Úkraínu

Núverandi forseti Úkraínu og ríkisstjórn voru samþykkt af yfirgnæfandi meirihluta þingsins í Úkraínu (371 atkvæði af 417) hinn 27. febrúar 2014, þar með talið af meðlimum Landsbyggðarflokksins (e. Party of Regions).

Þingið var kosið hinn 28. október 2012. Utanríkisráðuneyti Rússa lýsti því yfir á þeim tíma að kosningarnar hafi verið haldnar „fríðsamlega, án nokkurra öfga og í samræmi við almennt viðtekna staðla“ og „staðfesti skuldbindingu Úkraínu við eflingu lýðræðis og réttarríkið.“ Yfirlýsinguna má lesa á rússnesku [hérna](#).

Þingið sem Rússland sagði vera lögmætt, getur því tæplega talist ólögmætt núna.

## Yfirlýsingar Rússa um að svokölluð þjóðaratkvæðagreiðsla á Krímskaga hafi verið lögleg

Rússneskir embættismenn halda því fram að hin svokallaða þjóðaratkvæðagreiðsla á Krímskaga hinn 16. mars hafi verið lögleg.

Þjóðaratkvæðagreiðslan var ólögleg samkvæmt úkraínsku stjórnarskránni (á úkraínsku [hérna](#), rússnesku [hérna](#), ensku [hérna](#)), en þar stendur að álitamál „um breytingar á yfirráðasvæði Úkraínu skuli eingöngu leidd til lykta með þjóðaratkvæðagreiðslu allra Úkraínumanna.“ Krímskagi, sem er hluti af Úkraínu, hefur stöðu sjálfstjórnarlýðveldis, en öll mál sem varða valdheimildir þar verður að leiða til lykta af hálfu úkraínska þingsins (134. gr.) og stjórnarskrá sjálfstjórnarlýðveldisins þarfnast samþykktar úkraínska þingsins (135. gr).

Þar að auki var hin svokallaða þjóðaratkvæðagreiðsla undirbúin á nokkrum vikum af hálfu sjálfskipaðra leiðtoga Krímverja sem komið var til áhrifa með stuðningi vopnaðra rússneskra hermanna eftir að opinberar byggingar höfðu verið teknar yfir.

## Rússland heldur því fram að innlimun Krímskaga hafi verið réttlæt看leg vegna álits Alþjóðadómstólsins í Haag á sjálfstæði Kósóvó

Rússneskir leiðtogar halda því fram að fordæmi fyrir hina svokölluðu sjálfstæðisyfirlýsingu Krímskaga hafi verið ráðgefandi álit Alþjóðadómstólsins í Haag varðandi sjálfstæði Kósóvó (á netinu [hér](#)).

Það kemur eftir sem áður skýrt fram hjá dómstólnum að álit þeirra hafi ekki fordæmisgildi. Dómstóllinn sagði að hann hafi fengið „þröngt og nákvæmt skilgreinda“ spurningu um sjálfstæði Kósóvó, sem ekki tæki til víðtækari réttaráhrifa þeirrar ákvörðunar.

Dómstóllinn beindi kastljósinu að kringumstæðum þar sem kröfur um sjálfstæði myndu teljast ólöglegar. Þar á meðal voru dæmi þar sem „þær tengdust, eða myndu hafa tengst ólögmætri beitingu ofbeldis“. Dæmi um „ólögmæta beitingu ofbeldis“ myndi vera innrás eða hernám af hálfu nágrannaríkis — sem er nákvæmlega það sem Rússland hefur gert.

Þar að auki tók ferlið sem lauk með sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó mörg ár, en Sameinuðu þjóðirnar stjórnðu því umfangsmikla ferli. Yfirlýsingar Rússa horfa framhjá öllum þessum staðreyndum.



Public diplomacy division (PDD) - press and media section

Sími: .32(0)2 707 101 W1002

Netfang: [moc@hq.nato.int](mailto:moc@hq.nato.int)

#NATO